

## Notkunarskilmálar Ugga – Upplýsingagáttar Fiskistofu

### 1. gr.

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur Ugga – Upplýsingagáttar Fiskistofu og efni samnings sem notandi annars vegar og Fiskistofa hins vegar gera um aðgang að Ugga.

### 2. gr.

Allir einstaklingar sem skráðir eru í þjóðskrá Íslands sem og öll fyrirtæki sem skráð eru í fyrirtækjaskrá geta verið notendur Ugga.

### 3. gr.

Með því að gerast notandi Ugga staðfestir viðkomandi að upplýsingar sem hann skráir í Ugga séu réttar. Notandi skuldbindur sig jafnframt til að uppfæra upplýsingar ef þær breytast. Hafi Fiskistofa ástæðu til að ætla að upplýsingar séu rangar, ónákvæmar eða á nokkurn hátt ófullnægjandi áskilur Fiskistofa sér rétt til að rjúfa aðgang notanda fyrirvaralaust og án tilkynningar.

### 4. gr.

Notandi fær úthlutað notandanafni og lykilorði til innskráningar í Ugga. Notandanafni og lykilorði fylgir sú auðkenning sem öryggiskröfur Fiskistofu kveða á um á hverjum tíma. Fiskistofa áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.

### 5. gr.

Notandi skal halda öllum upplýsingum sem varða auðkenningu hans í Ugga leyndum og ber hann ábyrgð á því að slíkar öryggisupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi eða séu aðgengilegar öðrum.

### 6. gr.

Notandi ber ábyrgð á öllum aðgerðum í Ugga sem eru framkvæmdar á grundvelli auðkenningar samkvæmt þessum skilmálum, þar með talið öllum upplýsingum sem hann skráir í Ugga. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi aðili geti notfært sér auðkenni hans skal notandi tilkynna slíkt til Fiskistofu án tafar.

### 7. gr.

Notandi skuldbindur sig til að fylgjast vel með stöðu umsókna sinna ásamt öllum öðrum aðgerðum sem hann framkvæmir í Ugga. Skal hann gera Fiskistofu samstundis viðvart verði hann þess áskynja að mistök hafi átt sér stað.

8. gr.

Notandi leggur sjálfur til endabúnað og tengingu við veraldarvefinn og þann hugbúnað sem er nauðsynlegur til tengingar við Ugga. Notandi ber fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota til samskipta við Ugga. Notanda ber að kynna sér og virða almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma. Fiskistofa áskilur sér rétt til að loka fyrir aðgang notanda ef búnaður hans er óviðunandi að mati Fiskistofu.

9. gr.

Fiskistofa áskilur sér rétt til að rjúfa aðgang að Ugga um stundarsakir án tilkynningar ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis o.þ.h.

10. gr.

Fiskistofa áskilur sér rétt til þess að ákveða einhliða þá þjónustu sem er veitt í gegn um Ugga á hverjum tíma, eftir því sem lög og reglur heimila. Verði notkunarskilmálum breytt skal tilkynna notanda um slíkar breytingar með birtingu tilkynningar um breytta skilmála á heimasíðu Fiskistofu eða á áberandi hátt í Ugga. Vilji notandi ekki ganga að breyttum skilmálum skal hann tilkynna Fiskistofu það án tafar, annars teljast hinir breyttu skilmálar bindandi.

11. gr.

Fiskistofa ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við Ugga, vafra eða stýrikerfi notanda eða Fiskistofu, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í Ugga geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast. Fiskistofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Fiskistofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila. Fiskistofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Enn fremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik.

12. gr.

Verði notandi uppvís að misnotkun, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Uggi býður upp á er Fiskistofu heimilt að rjúfa aðgang notanda fyrirvaralaust og án tilkynningar.

13. gr.

Notandi hefur kynnt sér notkunarskilmála Ugga sem skráðir eru hér að ofan og samþykkir þá að öllu leyti.